

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er í þeirri þinghá þar sem formaður félagsins á búsetu á hverjum tíma.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að gera lax- og silungsveiði sem arðbærasta á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja árnar á leigu til stangveiða, en koma í veg fyrir allar aðrar veiðiaðferðir í þeim, nema nauðsynlega netaveiði til þess að ná í klaklax.

Þá hyggst félagið stunda fiskirækt, eftir því sem við á, til að auka arðsemi ána.

3. gr.

Félagsmenn eru allir þeir, sem rétt eiga til veiði í Þverá (Stóru-Þverá), Örnólfsdalsá, Kjarará, Litlu-Þverá, Króksvatnsá, Lambá, Langavatns- og Skjaldartjarnarkvísium. Þessar jarðir eiga veiðirétt í ánum: Neðranes, Efranes, Kaðalstaðir I, Kaðalstaðir II, Lundar, Lundar II, Steinar, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Ásbjarnarstaðir, Selhagi, Síðumúli, Sámsstaðir, Gilsbakki, Örnólfsdalur, Helgavatn, Norðtunga, Arnbjargarlækur, Hjarðarholt, Bakkakot, Stafholtsveggir, Hamraendar, Högnastaðir, Kvíar I, Kvíar II, Hermundarstaðir, Lundur, Sigmundarstaðir, Grjót, Höfði og Hamar.

4. gr.

Takmörk félagssvæðisins að neðan eru þar sem straumlína Þverár sameinast straumlínu Hvítar og að ofan við upptök Skjaldartjarnarkvísular og Langavatnkvísular, við Lambárfoss, við Króksvatnsárfoss og við Kambsfoss í Litlu-Þverá.

5. gr.

Veiði öll skal óheimil í vatnsföllum þeim, er samþykktin nær til, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi, að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en stöng, til hve langs tíma leyfið sé veitt og á hvaða svæði árinna það heimili að veiða.

6. gr.

Aðalfundur kýs árlega þrjá menn í stjórn félagsins og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögleg forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn félagsins í þrjú ár samfleytt.

7. gr.

Félagsstjórnin annast útleigu ána til einstakra manna eða félaga að fengnu samþykki félagsfundar, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár. Í slíkum samningi skal jafnan fram tekið, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því, að samþykktum félagsins sé hlýtt og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o.fl. Formaður félagsstjórnarinnar kemur fram fyrir félagsins hönd út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og öllum fjárreiðum. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða. Stjórnarfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og tveir stjórnarmenn eru mættir.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en í júní ár hvert. Um skilyrði fyrir lögmæti funda fer eftir ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Um atkvæðisrétt félagsmanna fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar kys aðalfundur tvo skoðunarmenn félagsreikninga til eins árs í senn. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

10. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef 1/4 félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram til úrskurðar.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt gildandi arðskrá.

Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá á átta ára fresti. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast yfirmats. Um gerð arðskrár fer samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Arði félagsins skal skipt svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema 2/3 félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna. Nú verður breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

14. gr.

Félaginu má slíta ef 2/3 hlutar félagsmanna samþykkja það, enda sé það þá heimilt að lögum. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

16. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði nr. 202/1942.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. apríl 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.